

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk handa bónda, er hafði misst gripi úr bráðasótt.

1868.

18. janúar.

Útaf tillögum sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu við yður, herra stiptamtmaður, um, að Guðmundi bónda Einarssyni á Middel í Mosfellssveit verði veittur styrkur úr opinberum sjóði útaf fjármissi þeim, sem hann beið árin 1866 og 1867 af bráðasótt, sem kom í skepnur hans þessi árin, hafið þér tekið fram í bréfi dagsettu 17. októbermán. f. á., að með því að skepnunum ekki var slátrað eptir yfirvalds boði, sè hinu opinbera ekki beinlínis skylt að endurgjalda eigandanum fjártjón það, sem hann beið af þessu, er ekki verður metið minna en 600 rd., en að yður samt virðist sanngjarnt, að honum verði veittur styrkur í þessum notum, og hafið þér mælt fram með, að stjórnarráðið veiti tæðum Guðmundi Einarssyni 100 rd. styrk af fè því, er það hefir til umráða.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir ekki neinn sjóð til umráða, er það gæti veitt slíkan styrk úr, sem hær er um að ræða, en að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að 100 rd. sèu greiddir úr jafnaðarsjóði suðuramtsins til þessa augnamiðs, ef að þeir mega missast.

6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um íslenzka kennslubók í latínu handa Reykjavíkurskóla.

13. febrúar.

Í bréfi dagsettu 28. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að bæði skóla- meistarinn og kennararnir í latínu í Reykjavíkur lærða skóla hafi mælt fram með, að gefin verði út, samkvæmt uppástungu stjórnarráðsins í bréfi 8. júnímán. s. á., lítil kennslubók í latínu, með latínsku orðasafni með íslenzkum þýðingum aptanvið, handa neðstu bekkjunum í skólanum, og að kennararnir í latínu,

1868. 13. febrúar. Gísli aðjunkt Magnússon og Jón aðjunkt Þorkelsson, hafi sagzt fúsir á að takast á hendur að semja kennslubókina fyrir 16 rd. þóknun fyrir hverja örk, og hafi þeir ætlazt á, að hún mundi verða hërumbil 6 arkir að stærð og orðasafnið 3 eða 4 arkir, svo að kverið allt yrði 9 eða 10 arkir. Að því er snertir prentun kennslubókarinnar hafið þér hugsað yður, að ef stipts-prentsmiðjan fengi handritið veitt gefins, mundi hún verða skaðlaus af að taka að sér að gefa kverið út, og geta selt það með sanngjörnu verði, og hafið þér því stungið uppá, að kennslubókin verði gefin út á þenna hátt, þó með þeim skilmála, að hún megi ekki fara fram úr 10 örkum alls, og að borgun fyrir prófarkalestur verði einnig fólgin í hinni umgetnu 16 rd. þóknun fyrir örkina.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni, og skal greiða þá 160 rd., sem til þessa þarf, af þeim 4000 rd. til óvissra gjalda handa Íslandi, er væntanlega munu verða veittir í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1868—69.

29. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld útgefanda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað danska útleggingu af nýju sáttaboði, er útgefendur „Íslendings“ hafa gjört til lúkningar skuldar þeirra við landsprentsmiðjuna í Reykjavík; fer boð þetta fram á, að þeir skuldbindi sig til að borga prentsmiðjunni 100 rd. hver, áður en ár sé liðið frá því að þeir hafi fengið fregn um, að fallizt sé á sáttaboð þeirra, en að það sem enn er óselt af blaðinu og allar óborgaðar skuldir hjá kaupendum þess verði aptur þeirra eign. Hafið þér lagt fram með, að yður verði veitt heimild til að ganga að sáttaboði þessu fyrir hönd prentsmiðjunnar, þannig, að kvitta